

REGLUR

um breytingu (14) á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

1. gr.

Þriðja málsgrein 8. gr. regnanna breytist og verður svohljóðandi:

Rektor ræður starfslið háskólans, nema lög mæli fyrir um annað, og setur því erindisbréf eða starfslýsingar. Rektor tekur ákvörðun í málum sem varða sérstakt hæfi einstakra starfsmanna háskólans til þess að fara með tiltekið mál í sameiginlegri stjórnslu háskólans, sbr. II. kafla stjórnslulaga nr. 37/1993. Þegar um er að ræða að fundur í deild, skor eða stjórn háskólastofnunar undirbúi mál sem rektor á endanlegt ákvörðunarvald um, skal viðkomandi fundur taka afstöðu til þess hvort deildar-, skorar- eða stjórnarmaður viku sæti. Komi upp ágreiningur skal málinu skotið til rektors og efnislegri meðferð málsins frestað þar til úrskurður hans liggur fyrir. Í umboði rektors hafa framkvæmdastjórar stjórnslu, einn eða fleiri, yfirumsjón og eftirlit með sameiginlegri stjórnslu háskólans. Deildarforsetar hafa eftirlit og yfirumsjón með starfi og stjórnslu deilda.

2. gr.

Önnur málsgrein 42. gr. breytist og verður svohljóðandi:

Í dómnefnd má skipa þá eina sem lokið hafa meistaraþrófi eða hliðstæðu prófi úr háskóla. Formaður dómnefndar skal hafa verið metinn hæfur til að gegna sambærilegu starfi og dómnefnd fjallar um. Rektor er þó heimilt að víkja frá þessu hæfisskilyrði fyrir formann dómnefndar, ef sá sem skipaður er telst viðurkenndur sérfræðingur á sínu sviði, hefur lokið doktorsþrófi og augljóst má telja að hann uppfylli að öðru leyti þær lágmarkskröfur sem gerðar eru til háskólakennara.

3. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 21. nóvember 2002.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Búnaðarsamband Eyjafjarðar.

1. gr.

Gjald fyrir kúasæðingar er 1,7% af afurðastöðvaverði mjólkur, auk þess er:

	kr.
- gjald á sædda kú í skýrsluhaldi	1.000
- gjald á sædda kú utan skýrsluhalds	2.000
- gjald á sædda kú þar sem ekki er mjólkurframleiðsla	4.800
- viðbótargjald á holdanautasæðingu	900

2. gr.

Ýmiss konar útseld vinna eða sérhæfð þjónusta og ráðgjöf fyrir einstaklinga og fyrirtæki s.s. áætlanagerð, matsgerðir, umsóknir, vottorð, mælingar og fleiri verkefni er undir lögum falla:

tímagjald allt að

kr. 2.800

3. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku skv. 1. og 2. gr.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998, að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands og tekur þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá fyrir Búnaðarsamband Eyjafjarðar nr. 539/2001.

Landbúnaðarráðuneytinu, 20. nóvember 2002.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 117/1993 og samkvæmt lögum um félagslega aðstoð nr. 118/1993 skulu hækka frá 1. janúar 2003 að telja um 3,2% frá því sem þær voru í desember 2002.

Til viðbótar hækkun skv. 1. mgr. skal hækka frá 1. janúar 2003 tekjutryggingu um 3.028 kr., tekjutryggingarauka fyrir einhleypa um 2.255 kr. og tekjutryggingarauka fyrir hjón og sambýlisfólk um 2.255 kr.

2. gr.

Til viðbótar við árlega almenna hækkun skv. 65. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 skal frá 1. janúar 2004 hækka upphæð tekjutryggingar um 2.000 kr., tekjutryggingarauka fyrir einhleypa um 2000 kr. og tekjutryggingarauka fyrir hjón og sambýlisfólk um 2.000 kr.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 65. gr., sbr. 66. gr. og 17. gr., laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, sbr. 15. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2003.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 22. nóvember 2002.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.